

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1266/2007 um greiðsluþáttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna kostnaðar sjúkratryggðra barna yngri en 18 ára við þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga.

1. gr.

Í stað orðanna „Tryggingastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. 1. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur, í viðeigandi beygingarmynd: Sjúkratryggingar Íslands.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu „heilbrigðisstarfsmanna“ í 2. tölul. og 4. tölul. kemur: eða barnageðlæknis.
- b. Á eftir orðinu „teymisins“ í 3. og 4. másl. 4. tölul. kemur: eða barnageðlæknis.
- c. Á eftir orðinu „Teymið“ í 5. másl. 4. tölul. kemur: eða barnageðlæknir.

3. gr.

Heiti reglugerðarinnar breytist og verður: **Reglugerð um greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga Íslands vegna kostnaðar sjúkratryggðra barna yngri en 18 ára við þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga.**

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 22. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, öðlast gildi 1. desember 2016.

Velferðarráðuneytinu, 18. nóvember 2016.



Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra

Vilborg Ingólfssdóttir

